

Mál nr. 166/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Flétturima í Reykjavík þann 13.4.2014.**Gögn.**

83. Málskot, móttakið 20.5.2014, ásamt fylgigögnum.
84. Bréf Y, dags 13.6.2014, ásamt fylgigögnum.
85. Bréf X, dags. 20.6.2014.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið til norðurs eftir bifreiðastæði við Flétturima 2-8 og beygt til vinstri inn á Flétturima áleiðis til austurs. Þá var bifreiðinni B beygt áleiðis vestur Flétturima af Langarima úr suðri. Mjög stutt vegalengd er á milli gatnamóta Flétturima og Langarima annars vegar og útkeyrslu frá bifreiðastæðinu við Flétturima 2-8 hins vegar. Á þessum vegspotta rákust framendar bifreiðanna saman. Af fyrirliggjandi ljósmyndum má ráða að skemmdir á A séu einkum á vinstra framhorni og framan á B, þó frekar vinstra megin.

Í viðbótarupplýsingum frá ökumanni A kveðst hann hafa verið að beygja út til vinstri. Þá hafi B komið á 40-50 km hraða á klst. á götu, þar sem leyfilegur hámarks hraði er 30 km á klst., og beygt til vinstri og farið yfir á vitlausan vegarhelming og framan á A.

Engin skýrsla eða greinargerð beint frá ökumanni B liggur fyrir í málinu að öðru leyti en því að í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna kemur fram að ökumaður B hafi beygt til vinstri og farið inn á öfugan vegarhelming. Í athugasemdum vátryggjanda B segir að ökumaður B hafi upplýst að ástæða þess að B hafi að hluta verið á öfugum vegarhelmingi sé að hann hafi reynt að forða árekstri frá hægri með því að sveigja til vinstri.

Álit.

Ökumaður A ók út á Flétturima frá bifreiðastæði við Flétturima 2-8. Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 bar ökumanni A að veita umferð í veg fyrir leið hans forgang. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en áreksturinn hafi orðið í þann mund sem A var ekið út á götuna. Af ákomustöðum á bifreiðunum og staðsetningu B á akbrautinni, samkvæmt fyrirliggjandi ljósmynd, verður enn fremur að telja ljóst að A hafi ekki verið komin yfir á hægri helming Flétturima miðað við akstursstefnu þegar áreksturinn. Í ljósi þessa þykir nægilega í ljós leitt að ökumaður A hafi ekki veitt ökumanni B forgang um Flétturima eins og honum bar samkvæmt 3. mgr. 25. gr. ufl. Hann telst því eiga sök á árekstrinum.

Þótt ökumaður B segist hafa ekið inn á öfugan vegarhelming og ljósmynd af vettvangi gefi til kynna að B hafi verið nokkuð innanlega á akbrautinni verður ekki séð að staðsetning B hafi að einhverju leyti verið meðorsök þess að árekstur varð. Ekki verður heldur ráðið að áreksturinn megi rekja til þess að B hafi verið ekið of hratt eða ökumaður hennar hafi að öðru leyti hagað akstri sínum þannig að á hann verði lögð sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A, JP-572.

Reykjavík, 5. ágúst 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.